
„Fellur verst við heimskuna"

— segir þýski listamaðurinn Andreas Paul Weber



Andreas Paul Weber: „Reyni aðeins að trufla áhorfandann" Ljósm. JA

„Heimskan er það sem mér fellur verst við í fari mannsins," sagði Andreas Paul Weber, hinn þekkti þýski teiknari og grafíklistamaður, sem nú sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum.

„Hvort mikið sé um heimsku í heiminum? Ja, við skulum segja að hún nægi alveg."


Weber sýnir hér 160 mynda sinna og er það stærsta sýning á verkum hans til þessa. Um fjölda verka sinna sagðist hann ekki geta sagt annað en að þær væru óteljandi.

Myndirnar á sýningunni eru gerðar á 45 ára tímabili og eru þær allar lithografíur. Það var þýska bókasafnið í Reykjavík og Félagið íslensk grafík sem gengust fyrir því að fá myndirnar hingað, en hugmyndin að sýningunni kom upphaflega frá dr. Schwabe, góðvini Webers. Dr. Schwabe hefur margsinnis dvalist hér á landi við jarðfræðirannsóknir, m.a. í Surtsey.

Með Weber komu hingað starfsmenn þýska sjónvarpsins vinna þeir að gerð myndar um listamanninn, með Ísland sem bakgrunn, en Weber er nú 83ja ára gamall. Í Þýskalandi hefur hann verið viðurkenndur listamaður á síðari árum og er stöðugt opin sýning á verkum hans í nágrenni heimabæjar hans. Á stríðsárunum átti hann hins vegar erfitt uppdráttar, þar sem hann var ekki vel séður hjá nasistum. Gaf hann út andspyrnublað gegn þeim ásamt öðrum manni og sat í fangabúðum um rúmlega eins árs skeið.

Fjallar um manninn

Viðfangsefni Webers er fyrst og fremst manneskjan. Er ekki margt sem hann tekur ekki fyrir henni viðkomandi. Í mörgum myndanna er heimskan táknuð með dýrum. Þarna er mannagarður, (sbr. dýragarður), herra heimsins, fangar, sendiherrar sem leikbrúður, o.s.frv.



Listspekingar.


Skákin skipar mikið rúm í verkum hans, enda segist hann hafa mikinn áhuga á henni. Hann fjallar um umhverfisverndun og er þar á meðal 20 ára gömul mynd þar sem hann bendir á mögulegar afleiðingar mengunar vatns. Hann deilir á ofmenntun, sjónvarp, styrjaldir, jafnvel reykingar lætur hann sig skipta.

Weber segir að sér líki vel við fólk, sem hafi augu í höfðinu og skilji myndirnar rétt, bæði tema að og uppbyggingu myndanna.

„Er enginn spámaður"

Hann segist ekki reyna að vera spámaður.

„Ég er ekki að segja að ég viti hvernig hlutirnir eigi að vera. Ég er ekki í þeim skilningi að reyna að bæta heiminn. Mér finnst það hins vegar vera mikill árangur, ef mér tekst að trufla áhorfandann og fá hann til að hika við og hugsa," segir hann.




FARA SYNGJANDI UM LANDIÐ

Blandaður kór frá skólabænum Haslev á Sjálandi verður á ferð og flugi um Ísland næstu vikuna. Verður fyrsta viðkoma kórsins í Reykjavík, þar sem hann heldur tónleika á laugardaginn kl. 5 í Háteigskirkju á vegum Menntaskólans í Hamrahlíð.

Kórfélagar eru 34 á aldrinum 15-32 ára og stunda þeir nám, eða hafa þegar lokið námi, við menntaskólann í Haslev. Kórinn hefur farið víða, m.a. haldið tónleika í Austurríki, Póllandi og Sovétríkjunum. Á síðasta sumri tók hann þátt í alþjóðlegri kórakeppni í Vín og hlaut þar mjög góða dóma. Á gamlárskvöld fékk danska sjónvarpið kórinn til að flytja nokkur lög í sjónvarpsdagskrá. Á söngskrá kórsins hér eru þjóðlög, negrasöngvar og lög eftir Bach, Bellman, Mozart, Nielsen, Gunnar R. Sveinsson o.fl.

Fyrstu tónleikarnir eru í Reykjavík, eins og áður sagði, en á sunnudaginn syngur kórinn í Skálholti, á mánudag í Skjólbrekku, Mývatnssveit, á þriðjudag í Húsavíkurkirkju, á miðvikudag í Tjarnarborg á Ólafsfirði og lokatónleikar kórsins verða síðan í Akureyrarkirkju á fimmtudaginn, 30. júní. Á norðurlandi annast félagar úr Passíukórnum og Tónlistarskólanum á Akureyri móttöku kórsins.



Ólafur Lárusson, Níels Hafstein, Rúrí, Helgi Þorgils Friðjónsson og Þór Vigfússon sýna um þessar mundir nútímalist í Norræna húsinu. Hér er Ólafur við myndir sem heita allar: „Where The Roses Meet". Ljósm. JA

Sumarsýning í Listasafninu

Erlendir ferðamenn eru tíðir gestir í Listasafni Íslands þessa dagana. Þar er nú sýning á verkum eftir fjölmarga íslenska listamenn. Þar á meðal eru nokkrar myndir sem Listasafnið keypti á þessu og síðasta ári. Safnið er opið daglega kl. 13.30-16. — Mynd: JA



KJÖRBÍLLINN BÍLASALA Sigtúni 3

Mercedes Benz 220 árg. '69 til sölu.

Ekinn 10—15 þ. á vél



OKKUR VANTAR FLESTAR GERÐIR BIFREIÐA TIL SÖLU OG SÝNIS Á STAÐNUM GOTT SÝNINGARSVÆÐI

Til sölu:

Chev. Vega	árg. '73	Ford Cortina 1300	árg. '68
Sunbeam	árg. '72	Datsun 2200 dísel	árg. '71
Ford Escort	árg. '68-9	Saab 96	árg. '73
Datsun 1200	árg. '73	Mercury Comet	árg. '72
Buick Le Sabre	árg. '68	Mazda 818	árg. 74

Óska eftir Volvo, Cortinu '72 og yngri og flestum gerðum af japönskum bílum.

Opið frá kl. 9-7
Laugardaga kl. 10-4

KJÖRBÍLLINN Sigtúni 3 Sími 14411.